

Nr. 129 / 12 Bjartur NK 121***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 1278 IMO nr. 7237987
Smíðaður: Niigata, Japan 1973, stál
Stærð: 461 brl. 658 brt.
Mesta lengd: 47,20 m Skráð lengd: 42,24m
Breidd: 9,5m dýpt: 6,5m
Vél: MaK 1472 kW, 1983
Fjöldi skipverja: 15

Gögn:

Dagbók skipsins
Lögregluskýrsla
Gögn RNS



Bjartur©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 10. maí 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Ólafi K. Ármannssyni og Jóhanni Ársælssyni

Atvikalýsing:

Þann 19. nóvember 2012 var Bjartur NK 121 siglingu í Litla dýpi á Austfjarðarmiðum. Veður: V 12 - 15 m/s og sjólítið.

Skipverji var að vinna í lest við að moka ís úr fiskikari sem hann stóð í. Hann féll aftur fyrir sig með þeim afleiðingum að hann slasaðist á hendi þegar hann bar hana fyrir sig. Hann varð óvinnufær um tíma.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn slasaða voru um 10 sm eftir af ís í karinu og því enginn stuðningur fyrir fætur hans.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.